



Pórshöfn 21.08.2025

Efni: Lántaka hjá Lí vegna undirbúnings framkvæmda við Grunnskóla Þórshafnar og fleiri fjárfestinga.

Sveitarstjóri lagði fram á þessum fundi tillögu um breytingar á fjárhagsáætlun í viðauka við áætlunina fyrir árið 2025. Í viðaukanum er gert ráð fyrir að handbært fé minki verulega og verði nálægt 0 um áramót vegna þessara breytinga. Lausafjárstaða versnar við þessa breytingar sem lagt er til þó gert sé ráð fyrir að í árslok verði handbært fé nálægt 0. Það má gera ráð fyrir sveiflum í rekstri sveitarfélagsins fram að áramótum og fram á næsta ár vegna þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir.

Nú er unnið að því að leita leiða til að fjármagna framkvæmdir við Grunnskóla Þórshafnar, hvort sem leið C að byggja nýjan skóla á nýjum stað verður fyrir valinu eftir nánari skoðun eða önnur leið valin. Ennfremur að áætla hve stóran hluta er hægt að fjármagna með eigin fé. Fjármögnun verður að vera tryggð áður en hafist verður handa. Þessi lántaka er einungis fyrsta skrefið til að skapa okkur svigrúm til að undirbúa málið.

Óskað var eftir tilboði frá Landsbanka Íslands um lánalínu sem hægt væri að draga á eftir því sem kostnaður leggst á sveitarfélagið. Það er eins og stendur hagstæðasta leiðin því vaxtaberandi skuld er þá einungis sú upphæð sem er nýtt. Þegar lánalínan hefur verið nýtt er möguleiki á að breyta lánalínunni í fast lán eða greiða það upp með þeirri fjármögnun sem býðst.

Því er óskar sveitarstjóri heimildar sveitarstjórnar til að opna lánalínu hjá Landsbanka Íslands upp á kr. 130 milljónir til að styrkja lausafjárstöðuna og vera þar með í stakk búin til að hefja þá vinnu sem framundan er að byggja og/eða gera við Grunnskólann, hvaða leið sem verður fyrir valinu.

Vaxtakjörin eru þessi: Kjörvextir án álags.

Verðtryggt 5,2%

Óverðtryggt 9,8%

Breytilegir vextir

Lántökugjald 0,50%

Lagt er til að valið verði óverðtryggt lán þar sem ekki er gert ráð fyrir að verðbólga byrji að lækka að ráði fyrr en undir lok næsta árs vegna mikillar óvissu í efnahagsmálum.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri